

Námsferð til Danmerkur 2.-6. september

Til : Elín S. Kristinsdóttir
Frá : Elín S. Kristinsdóttir
Heiti : Námsferð til Danmerkur 2.-6. september
Málsnúmer : 1806285
Málsaðili : Samband íslenskra sveitarfélaga
Skráð dags : 20.06.2018 13:51:49
Höfundur : Samband íslenskra sveitarfélaga

From: Anna G. Björnsdóttir <anna.g.bjornsdottir@samband.is>

Sent: miðvikudagur, 20. júní 2018 10:13

Subject: FW: Námsferð til Danmerkur 2.-6. september

Ágætu framkvæmdastjórar og meðlimir SSSFS

Samband íslenskra sveitarfélaga mun standa fyrir námsferð til Danmerkur 2.-6. september nk. Ferðin er skipulögð í samvinnu við Samtök stjórnenda á stjórnsýslu- og fjármálasviðum sveitarfélaga en er einnig opin öðrum áhugasömum sveitarstjórnarmönnum.

Danmörk er valin sem áfangastaður vegna þess að undanfarin ár hefur verið mikil áhersla á hagræðingar- og skilvirkniáðgerðir í dönskum sveitarfélögum og þau eru framarlega í heiminum í hagnýtingu upplýsingatækni í stjórnsýslu sinni og þjónustu. Þau er líka framarlega í nýsköpun, t.d. í því að vinna með íbúum að þróun og veitingu þjónustu. Í því sambandi má benda á kynningu Morten Hyllegaard á nýsköpunarráðstefnu sem haldin var nýlega, sjá upptöku á <http://www.samband.is/um-okkur/fundir-og-radstefnur/nyskopunarverdlaun-2018>. Hópurinn mun heimsækja sérvalin sveitarfélög sem hafa verið að standa sig vel á þessum sviðum.

Dagskráin er í mótun en lagt er upp með að dagana 3.-4. september verði heimsótt sveitarfélög á Fjöni og Jótlandi en 5.-6. september danska sveitarfélagasambandið í Kaupmannahöfn og sveitarfélagið Drageyri (Dragør).

Sambandið mun sjá um að panta hótél- og ferðir innan Danmerkur en gert er ráð fyrir að þátttakendur panti sjálfir flug fyrir sig út og heim. Hagstæðast og einfaldast er að fljúga út til Billund sunnudaginn 2. september með beinu flugi Icelandair FI272 sem lendir samkvæmt áætlun kl. 13:15 í Billund. Sambandið myndi sjá um að útvega flutning fyrir hóp á hótél í tengslum við þetta flug. Heppilegast er hins vegar fljúga heim frá Kaupmannahöfn. Dagskránni lýkur væntanlega um hádegi þann 6. september eftir heimsókn til sveitarfélagsins Drageyrar sem er í nágrenni við Kastrup flugvöll.

Vinsamlegast skráið þátttöku með tölvupósti til mín og því fyrr því betra.

mgkv

Anna G. Björnsdóttir

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)